Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Tvö ljóð og vísa

Stafrænt afrit úr einkaskjalasafni Eyjólfs Eiríkssonar

## *Tekið af vef Borgarskjalasafnsins*

Borgarskjalasafn.is

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Jan 23

Goðmundur á Glæsivöllum,gildur bóndi
af gnægtabrunni gaf og tærði,
gæði nóg,og grönnum færði.

II Nú er þessi rausnar rekkur riðinn burtu
til Heljar reið á rauðum fáki,
með riddara sveini,nefndur Aki.

III Eftirmaður Goði er,og garpur lika
Glæsivellir gleymast eigi,
hvort Goðan sjerðu á nóttu,degi.

IV Goðinn er mjög gildur maður,gliminn þótti
Garpa sjö hann greitt að velli,
gilda lagði,á hálu svelli.

V Hann er talinn tólffjórðungar tifaldaðir
tólin þjena tröllum bara
telpum þeirra og meyjaskara.

VI Hann var giftur góðri konu af Grimnisættum
góð hún þótti og gæf i geði,
er gengu þau að einu beði.

VII Nú er þessi góða kona,gáfum prýdda
Gengin burt--og gegnir störfum,
á Guðaheiði--Guðs hjá örfum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VIII Ei vill Goðinn, góði, leng'i ógiftur standa
garpa sína greitt nam kalla,
svo glöggt nam heyrast upp til fjalla.

IX Eg vil senda ykkur átta, allvel búna
í konuleit --ei kexni brúkið,
kvað hann hátt--því vel nú lúkið

X Stiklastaði stórlundaður stillir byggir
stýrir vel og stjórnar búi
stoltur þykir hersir Dúi

XI Atta á hann yndislegar ungar dætur
ein þó ber af öllum konum,
yngst er sú --og greind að vonum.

XII Hana vil eg hafa í sæng, þá hreinleiks konu
segið hersir hvað eg meina,
hans ei svari gjörið leyna.

XIII Svarði fengu horskir sveinar hátt hjá týri
"Heim þið skuluð hafa meyna,
hjer þarf engu framar leyna

XIV Sendi eg Goða glæsta á Völlum, góða kveðju
og gjafir dýrstar gull og silfur,
grænan kyrtil, sverð og kylfur.

XV Atta rendur horskir heim, með hörgabrúði
hljótt var ei í höllu heima,
þá hesta sína í hlað þeir teima.

XVI Orðlengja þarf ekki meir, nje orðum eyða.
Í einni sæng þau sofa síðan,
í sælu mestu og góðri líðan.

XVII Herra þessum, Goða góða og glæsimenni
gæfan fylgi og Guð oss öllum,
góðum vin frá MINNIVÖLLUM.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þórður Jónsson, trésmiður á Mófellsstöðum

80 ára 29. júní 1954

---

Hann bað mig 'ann Einar frá Brekku
að bera þér fagnaðarskál.
Ég gjöri það geði með þekku
að gleðja svo listelska sál.
Áfengar undrunar veigar
áfergur hugur minn teigar,
sem frétti þín framkvæmdamál.

Þú hefur við sólmyrkva setið
og samt á því fullvissu reynt
að þú gætir mátað og metið
svo meistaraverkið sé leist
í hendi sem snillingi hæfir
er hagleik til þolraunar æfir
og sjáandans sól getur treyst.

Heill sé þér Völundur hári,
sem helgar þér víðsýnis tind,
þar gnæfir hann Grettir og Kári
hjá görpum þeim stendur þín mynd
í sögunnar logandi ljóma
og lýðurinn verk þín mun róma
Þórður, með brúnaljós blind.

Valdimar Benónýsson

frá Ægissíðu

Vorsins blóm og vina glægð
við þér ljómi - æfi daga,
vizka, sómi og verkafrægð
verðugt rómar þjóðarsaga.

Einar Þórðarson

frá Skeljabrekku

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Blómgist hjá þjer blessun öll
besti flestum ertu
þú er mesta tygðar tröll
trúr við þinn vertu